

REIKNINGUR

Lánasjóðs sveitarfélaga.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1976.

Tekjur:

Oafturkræf framlög:			
Ríkissjóður	kr.	74 167 500.00	
Jöfnunarsjóður	—	148 335 000.00	
			kr. 222 502 500.00
Vextir, lántökugj. og gengismunur	—		222 411 598.00
			Kr. 444 914 098.00

Gjöld:

Laun og starfsmannaútgjöld	kr.	4 721 537.00	
Ýmis rekstrargjöld	—	1 942 553.00	
Vextir og lántökugjöld	—	95 961 874.00	
Tekjur umfram gjöld 1976	—	342 288 134.00	
			Kr. 444 914 098.00

Efnahagsreikningur hinn 31. desember 1976.

Eignir:

Bankainnstæður	kr.	45 553 430.00	
Ýmsir viðskiptamenn	—	1 408 470.00	
Viðsk.reikn. ríkissjóðs	—	25 167 500.00	
Viðsk.reikn. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	—	10 635 000.00	
Áfallnir vextir	—	111 382 996.00	
Skuldabréfaeign:			
Óverðtryggð lán	kr.	781 552 924.00	
Visitölutryggð lán	—	134 845 800.00	
Gengistryggð lán	—	683 656 478.00	
			— 1 600 055 202.00
Innbú og lausafé	—		1 655 929.00
			Kr. 1 795 858 527.00

Skuldir og eigið fé:

Áfallnir vextir	kr.	25 487 002.00	
Ýmsar skammtímaskuldir	—	1 098 473.00	
Langtímalán:			
Óverðtryggð lán	kr.	200 183 310.00	
Visitölutryggð lán	—	121 234 842.00	
Gengistryggð lán	—	678 101 204.00	
			— 999 519 356.00
Eigið fé:			
Hrein eign 1/1 1976	kr.	427 465 562.00	
Tekjur umfram gjöld 1976	—	342 288 134.00	
			— 769 753 696.00
			Kr. 1 795 858 527.00

Reykjavík, 3. febrúar 1977.

Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri.

Birgir L. Blöndal, aðalbókari.

Framanskráðan rekstrar- og efnahagsreikning þann 31. des. 1976 fyrir Lána-
sjóð sveitarfélaga höfum við endurskoðað.

Reykjavík, 21. mars 1977.

Atli Hauksson. Guðmundur Ingi Kristjánsson.

2. júní 1977.

Nr. 223.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 79 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris-
og innflutningsmála o. fl.

1. gr.

22. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ekki er heimilt að flytja úr landi eða til Íslands íslensk skuldabréf og hvers
konar skuldbindingar, sem hljóða um greiðslu í íslenskum gjaldeyri, nema að fengnu
leyfi, sem Seðlabanki Íslands veitir.

Heimilt er að flytja úr landi og til Íslands peningaseðla og skiptimynt, sem hér
segir:

a) Íslenskir peningar:

Innlendum og erlendum ferðamönnum er heimilt að flytja inn og út úr
landinu allt að fjórtán þúsund krónum, þó ekki í seðlum að verðgildi yfir eitt
þúsund krónur.

Viðskipti í Frihöfninni á Keflavíkurflugvelli með íslenskum peningum mega
þó ekki nema samtals hærri fjárhæð en sjö þúsund krónum við brottför eða
komu til landsins í hvort sinn.

Öðrum aðilum að meðtöldum bönkum er óheimilt að flytja íslenska pen-
inga inn og út úr landinu nema leyfi Seðlabankans komi til.

b) Erlendir peningar:

Ferðamenn búsettir hérlendis mega flytja með sér út og inn í landið þann
erlenda gjaldeyri, sem þeir hafa lögleg umráð yfir. Ferðamenn búsettir erlendis
mega flytja jafnmikla erlenda peninga út úr landinu og þeir fluttu inn við
komu til landsins, að frádregnum þeim dvalarkostnaði, sem þeir hafa haft hér.

Bankar, sem heimild hafa til að versla með erlendan gjaldeyri, svo og aðrir
aðilar, sem löglegar heimildir hafa, mega flytja erlenda peninga inn og út úr
landinu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960 um skipan
innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast gildi 10. júní 1977. Jafnframt er úr
gildi numin reglugerð nr. 133 31. ágúst 1967.

Viðskiptaráðuneytið, 2. júní 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Yngvi Ólafsson.